

Teymiskennsla

Þróunarverkefni um teymiskennslu í 1. – 5. bekk í

Vesturbæjarskóla



2018 – 2019



Vesturbæjarskóli
VIRÐING · VELLÍÐAN · VELGENNI

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Skólapróun.....	3
3. Teymiskennsla	4
3.1 Markmið teymiskennslu	6
3.2 Ávinningur	7
4. Gagnaöflun	8
5. Niðurstöður	8
5.1 Viðhorf kennara.....	8
5.2 Viðhorf nemenda.....	10
5.2.1 Nemendur í 1. bekk	10
5.2.2 Nemendur í 2. – 5. bekk	10
5.3. Viðhorf foreldra.....	11
6. Samantekt.....	12
Heimildir	15
Viðauki A.....	16
Viðauki B.....	17
Viðauki C.....	18
Viðauki D.....	19

1. Inngangur

Skólaárið 2017-2018 var farið af stað með þróunarverkefni um teymiskennslu í Vesturbæjarskóla. Kennt var í teymiskennslu frá 1. – 4. bekk það skólaár, að einhverju eða öllu leyti í þessum árgöngum. Skólaárið 2018-2019 héldu kennarar í Vesturbæjarskóla áfram að þróa teymiskennslu í skólanum og er nú kennt í teymiskennslu í 1. – 5. bekk þetta skólaár. Í Vesturbæjarskóla er leitast við að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklingsins með því að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og námsefni. Ásamt því að leggja áherslu á einstaklingsbundna kennslu er leitast við að efla samvinnu nemenda með því að gefa þeim kost á að vinna saman með ýmsum hætti í teymiskennslu. Samkennsla og teymisvinna er ekki ný af nálinni í Vesturbæjarskóla og hefur starfið lengi einkennst af samkennslu í hringekjum, vali og samvinnu nemenda og kennara milli árganga. Með teymiskennslu er gengið lengra þannig að tveir eða fleiri kennarar eru gerðir sameiginlega ábyrgir fyrir námi og líðan nemenda og skipuleggja alla kennslu saman. Í þessari samantekt er fjallað um skólaþróun í lærdómssamfélagi þar sem hver lærir af öðrum og hver með öðrum í viðleitni sinni til að ná sífellt betri árangri í samræmi við breyttar áherslur á hverjum tíma en teymiskennsla virðist styðja við slík samfélög. Hér á eftir er fjallað um teymiskennslu, markmið og ávinning í samhengi við niðurstöður rannsókna bæði héraðs og erlendis. Í samantektarkafnanum eru dregnar saman helstu niðurstöður kannana og fjallað um þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í teymiskennslu í Vesturbæjarskóla.

2. Skólaþróun

Öflug skólaþróun verður til í lærdómssamfélagi þar sem fólk deilir gildum og hugsjónum, stunduð er fagleg ígrundun og faglegt samstarf er í hávegi haft (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015, bls. 7). Í lærdómssamfélagi lærir hver af öðrum og hver með öðrum í viðleitni sinni til að ná sífellt betri árangri í samræmi við breyttar áherslur á hverjum tíma. Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að skólastarf eigi að vera í sífelldri mótun með hag barna að leiðarljósi. Fræðimenn hafa bent á að styrking skóla sem lærdómssamfélags sé árangursrík leið í starfsþróun kennara sem jafnframt styrki forsendur skóla til stöðugra umbóta og aukins árangurs. Lærdómsmenning einkennir skóla þar sem starfsfólkið vill læra og þroskast í takt við nýja þekkingu og kröfur (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013, bls. 36-37). Ýmsir fræðimenn hafa skilgreint megineinkenni sem þurfi að vera til staðar í lærdómssamfélögum og er vinna í teymum þar áberandi. Áhugavert er að sjá hversu lík einkenni lærdómssamfélags og teymiskennslu eru (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalón, 2017, bls. 18). Mikilvægt er að treysta á fagmennsku kennara og leiðtoga í skólastarfi í lærdómssamfélagi og að skólafólk fái tækifæri til að ígrunda eigið starf (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015, bls. 13).

Skólastarf snýst um menntun nemenda og velferð þeirra. Leggja á áherslu á opna starfshætti í skólum og skapa svigrúm fyrir samstarf þar sem kennarar deila ábyrgð og er teymiskennsla dæmi um

leið til þess (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013, bls. 50). Samband er á milli lærdómssamfélags, starfsþróunar kennara og frammistöðu nemenda. Lærdómssamfélag er kjarninn í skólum sem ná árangri þar sem nemendur þekkja og vita að hvaða markmiðum er stefnt. Kennarar vinna í nánu samstarfi, bera sameiginlega ábyrgð á nemendum, eru faglegir, hafa kennslufræðileg áhrif og styðja betur við nemendur (Fullan, 2015, bls. 110).

Stefna stjórnvalda er einn af þeim þáttum sem hefur áhrif á upphaf þróunarstarfs. Í matstæki um þróun skólustarfs í anda hugmynda um einstaklingsmiðað nám, lýðræðislegt og nemendamiðað skólustarf og lærdómssamfélag sem gefið var út af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og Menntavísindasviði HÍ (2018) er skólustarfi lýst á fimm stiga kvarða. Á fyrsta stigi er skólustarfi lýst hér á landi eins og það var frá upphafi almenningskóla í þéttbýli og fram eftir 20. öldinni. Á fimmta stigi er dregin upp framtíðarsýn um skólustarf miðað við hugmyndir um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, lýðræðislegt skólustarf og lærdómssamfélag. Þættinum skipulag kennsluhátta á fimmta stigi er lýst þannig að teymiskennsla er viðhöfð í öllum skólanum þar sem teymi kennara ber sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu nemendahóps. Þættinum samstarfi innan skólans á fimmta stigi er lýst sem virkri teymisvinnu með markvissri ígrundun þar sem starfsmenn læra hver af öðrum og hver með öðrum í lærdómssamfélagi. Þættinum kennsluaðferðir er lýst þannig að kennarateymi skapa fjölbreyttar aðstæður til sjálfstæðs náms nemenda, skipuleggja og leiðbeina. Í þættinum um viðhorf kennara kemur fram að ábyrgðin á námi nemenda og velferð hvílir á teyimum kennara og annarra sérfræðinga sem endurskoða stöðugt aðferðir sínar til að koma til móts við þarfir nemenda. Áhugi kennara á teymiskennslu í skólum á Íslandi fer sívaxandi og komu kennarar með sterk rök fyrir því að tímabært væri að þróa teymiskennslu í Vesturbæjarskóla.

3. Teymiskennsla

Hugtakið teymiskennsla á við þá starfshætti þar sem tveir eða fleiri kennarar eru samábyrgir fyrir ákveðnum hópi nemenda, árgangi eða aldursblönduðum hópi. Kennarar sameina krafta sína, hæfileika, áhuga og bjargir og bera sameiginlega ábyrgð á nemendum (Main og Bryer, 2005, bls. 196). Í teymiskennslu er einangrun kennara rofin og rannsóknir sýna að náíð samstarf leiðir oftast en ekki til aukinnar starfsánægju og faglegs áhuga og bættu viðhorfi til skóla og náms. Þegar kennarar í teymiskennslu sameina hæfni sína getur það haft jákvæð áhrif á námsárangur nemenda (Main og Bryer, 2005 bls. 197).

Í teymiskennslu eiga kennarar í faglegu samtali daglega, vinna saman við að skipuleggja verkefni og skiptast á hugmyndum um kennsluna. Í teymiskennslu fá kennarar tækifæri til að læra í starfi og skapa námsumhverfi og nýjar bjargir. Slík teymi nálgast kennsluna á nýjan hátt þar sem farið er dýpra í kennsluaðferðir og nám nemenda út frá þörfum þeirra (Svanhildur María Ólafsdóttir, 2009, bls. 18). Samfélag eða hópur verður að námsteymi þegar fólk lærir og það þyrstir í nám. Flestir hafa

einhvern tíma verið hluti af frábæru teymi þar sem meðlimir teymisins virka saman á sérstakan hátt. Það ríkir traust á milli þeirra, þeir veita hver öðrum viðurkenningu og stuðning í starfi og hafa sameiginleg markmið sem eru ofar einstaklingsmarkmiðum. Teymi er mikilvægur þáttur innan skólasamfélagsins og þegar það lærir er líklegt að stofnunin læri líka (Svanhildur María Ólafsdóttir, 2009, bls. 20). Hugmyndafræði teymiskennslu, starfspróunar og lærdómssamfélags byggist á nánu samstarfi og þykir mörgum eðlilegt að teymiskennsla fylgi í lærdómssamfélagi (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalón, 2017 bls. 5). Fullan heldur því fram að starfspróun sé kjarni breytinga í skólastarfi þar sem áhersla er á teymiskennslu og gagnvirkt nám (Fullan, 2015, bls. 121).

Ekki er alltaf samræmi í hugtakanotkun um teymiskennslu en kjarninn er að kennarar vinna saman og eru samábyrgir fyrir nemendum. Mikilvægt er einnig að átta sig á muninum á teymiskennslu og teymisvinnu en munurinn felst í þessari sameiginlegu ábyrgð á nemendum (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalón, 2017 bls. 3). Sameiginleg ábyrgð kennara á nemendum felst í því að þeir kenni öllum nemendum á einhverjum tímapunkti og læra þannig að þekkja þá.

3.1 Markmið teymiskennslu

Leiðarljós teymiskennslu: Fagmennska, samstarf, starfsánægja og árangur			
Meginmarkmið	Undirmarkmið	Leiðir	Viðmið um gæði
<p>Að efla faglegt samstarf kennara.</p> <p>Að efla samskipti kennara og nemenda.</p> <p>Að bæta líðan og námsárangur nemenda.</p>	<p>Að styrkja nemendur félagslega og að þeir læri að takast á við breytingar.</p> <p>Að nemendur verði sjálfstæðir og ábyrgir í námi sínu og læri að vinna saman í fjölbreyttum hópi.</p> <p>Að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir, þroska og getu nemenda í einstaklingsmiðuðu námi.</p> <p>Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu, gagnrýnni umræðu og sameiginlegri ábyrgð.</p> <p>Að efla kennara í starfi, byggja upp hæfni og styðja við skólaþróun.</p> <p>Að draga úr og dreifa álagi á kennara.</p> <p>Að skapa heildstæða kennslu árganga þannig að litið verði á árganginn sem eina heild.</p>	<p>Kennarar í teymi fá tíma til undirbúnings og daglegra samskipta sem tekur meiri tíma í teymiskennslu.</p> <p>Kennarar í teymi ræða reglulega félags-, tilfinninga- og námsþarfir nemenda.</p> <p>Kennarar í teymi ræða væntingar sínar til teymiskennslunnar sem og viðhorf og gildi til náms og kennslu.</p> <p>Kennarar í teymi setja sér siðareglur um samvinnu og samskipti, ræða um fyrirkomulag í kennslustofunum, námsefni, kennsluaðferðir, námsmarkmið, námsmat og annað sem viðkemur námi nemenda og vinnulagi teymisins.</p> <p>Stjórnendur styðja við breytingar, starfsþróun, veita faglega leiðsögn og kennslufræðilega forystu.</p> <p>Stjórnendur leggja áherslu á sameiginleg markmið, gildi og framtíðarsýn.</p>	<p>Kennarar í teymi með betri yfirsýn yfir nám, líðan og samskipti nemenda.</p> <p>Allar ákvarðanir sem teymi tekur eru vel ígrundaðar og byggjast á faglegum sjónarmiðum, ávallt með hagsmunum nemenda að leiðarljósi. Kennarar í teymi eru gagnrýnir á starf sitt.</p> <p>Sveigjanlegt og fjölbreytt skólastarf og sanngjarnara námsmat.</p> <p>Kennarar eru jákvæðar fyrirmyndir í samskiptum og samskipti byggjast á trausti.</p> <p>Góður starfsandi.</p> <p>Kennarar í teymi kafa dýpra í kennsluaðferðir og nám nemenda út frá þörfum þeirra.</p> <p>Kennarar í teymi setja skýr markmið um nám og kennslu og hvernig þeir geti bætt starf sitt.</p> <p>Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir.</p> <p>Betri hegðun, líðan, námsárangur og ástundun nemenda.</p>

3.2 Ávinningur

Almenn sátt er meðal fræðimanna um gildi samvinnu kennara fyrir skólastarf. Rannsóknir hafa sýnt að kennarar sem vinna mikið saman eru opnari fyrir að reyna nýja hluti, taka áhættu og leita leiða við að bæta sig í starfi. Þar kemur einnig fram að kennarar telja betra að kenna saman en að kenna einir. Samskipti og samvinna meðal kennara gefur þeim aðgang að nýjum hugmyndum, skapar virkni og eflir siðferðislegan stuðning til að ná betri árangri með nemendum þeirra (Svanhildur María Ólafsdóttir, 2009, bls. 20).

Teymiskennsla hefur verið rannsökuð í marga áratugi víða um heim á öllum skólastigum. Niðurstöður margra þeirra hafa leitt í ljós betri námsárangur í teymiskennsluskólum og að samstarf kennara stuðli að margvíslegum ávinningi fyrir nemendur, kennara og skóla. Rannsóknir benda einnig til þess að teymiskennsla hafi jákvæð áhrif á félagslega stöðu nemenda, stuðli að betri hegðun, ástundun og viðhorfum til náms, kennara og skóla. Í öflugum lærdómssamfélagi þar sem teymiskennsla tíðkast eru kennarar opnari fyrir því að þróa kennsluhætti og starf (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalón, 2017 bls. 4-5).

Í niðurstöðum rannsóknar á starfsháttum grunnskóla á árunum 2008-2013 á Íslandi, *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*, kom fram margt áhugavert um teymiskennslu. Rannsóknin náði meðal annars yfir viðhorf til skóla og skólastarfs, námsumhverfis, stjórnunar, skipulags og kennsluhátta. Allir þátttakendur í rannsókninni lögðu mikla áherslu á aukinn sveigjanleika og skipti þar engu hver tjáði sig, starfsmenn, stjórnendur eða nemendur. Fram kom að kennsluhættir og námsmatsaðferðir voru talsvert fjölbreyttari í teymiskennsluskólunum. Einnig kom fram að í þeim skólum var meiri einstaklingsmiðun. Nemendur í teymiskennsluskólunum fengu oftar miserfið verkefni sem vöktu áhuga þeirra og höfðu oftari val um viðfangsefni að sögn kennara. Meiri ánægja var hjá kennurum með stjórnunarhætti í teymiskennsluskólunum og þar var starfsandi betri. Þá var það mat kennara að í teymiskennsluskólunum væri opnari og gagnrýnni umræða en í bekkjarkennsluskólunum, lýðræðislegri vinnubrögð og umfangsmeira og fjölbreyttara þróunarstarf. Starfsandi, samskipti og skólaþróun er öflugri í teymiskennsluskólunum en í bekkjarkennsluskólunum. Höfundar rannsóknarinnar ályktuðu að víðtæk sátt væri um aukinn sveigjanleika í samfélaginu þótt ólíkar skoðanir geti verið á því hver birtingarmyndin eigi að vera (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalón, 2017 bls. 6-7).

Í Aðalnámskrá grunnskóla er áhersla á að efla borgaravitund og þátttöku nemenda í lýðræðislegu starfi. Virk þátttaka borgaranna í ákvörðunum um samfélagsmál er ein meginstöð lýðræðis og því mikilvægt á hverjum tíma að ala upp kynslóð sem hefur áhuga á og færni til að láta sig mál samfélagsins varða (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015, bls. 3). Samkvæmt niðurstöðum Ingvars og Ingibjargar á mun á teymiskennsluskólum og bekkjarkennsluskólum virðist vera hlustað betur á raddir

nemenda í teymiskennsluskólum. Starfshættir í teymiskennsluskólum eru lýðræðislegri og virðist það ná einnig til nemendahópsins. Kennarar og starfsfólk kemur meira að ákvörðunum um starfið og þróunarstarf og mat á skólastarfi er umfangsmeira og virðist ganga betur í teymiskennsluskólum. Öflugt samráð og samstarf stuðlar að auknum starfsáhuga kennara, öflugri starfsþróun, fjölbreyttari lýðræðislegri kennslu og starfsháttum (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalón, 2017 bls. 17).

Teymiskennsla er ekki gallalaus og sýna rannsóknir að kennarar þurfi meiri tíma til daglegra samskipta. Stundum eru erfiðleikar í teyimum eins og skortur á trausti eða kennarar ná ekki saman. Tímaskortur getur einnig verið vandamál og erfitt getur verið að finna tíma til undirbúnings. Ef einhverjir meðlimir leggja minna á sig en aðrir getur það valdið togstreitu í teymi og einnig ef væntingar til kennslunnar eru ólíkar. Einstaka nemendur finna sig ekki í þessu skipulagi og þarf að bregðast við því (Goetz, 2000).

4. Gagnaöflun

Lögð var fyrir rafræn könnun fyrir kennara í 1. – 5. bekk um teymiskennslu (Viðauki A) þar sem spurt var um hvernig hafi gengið í vetur að vinna í teymiskennslu, hvernig kennurum hafi gengið að kynnast nemendum og halda utan um námslega stöðu þeirra og hvernig teymiskennsla hefur áhrif á faglega starfsþróun. Lögð var skrifleg könnun fyrir nemendur í 1. bekk (Viðauki B) og rafræn könnun fyrir nemendur í 2. – 5. bekk (Viðauki C) þar sem spurt var um líðan þeirra í skólanum, líðan í skiptum, sambandi þeirra við kennara og félagsleg tengsl. Lögð var fyrir rafræn könnun fyrir foreldra (Viðauki D) þar sem spurt var um viðhorf þeirra til skólans, til teymiskennslu og hvort komið væri til móts við barnið þeirra. Foreldrar voru beðnir um að skrifa athugasemdir ef einhverjar væru um teymiskennsluna. Kannanirnar voru lagðar fyrir 13. maí til 3. júní 2019.

5. Niðurstöður

Hér verða skoðaðar niðurstöður úr könnunum sem lagðar voru fyrir kennara, nemendur og foreldra um teymiskennslu. Í samantektarkaflanum eru helstu niðurstöður dregnar saman og skoðaðar þær áskoranir og tækifæri sem felast í teymiskennslu.

5.1 Viðhorf kennara

Kennarar í 1. – 5. bekk svöruðu rafrænni könnun um teymiskennslu. Alls svöruðu tíu kennarar af þrettán. Spurt var um hvernig teyminu hafi gengið að vinna saman í teymiskennslu í vetur og sögðu 90% kennarar að það hefði gengið mjög vel og 10% að það hefði gengið vel. Spurt var um hvernig teyminu hefði gengið að eiga í faglegri samvinnu og sögðu 60% mjög vel og 40% vel. Spurt var um hvernig teyminu hefði gengið að ræða mál sem upp hafa komið á gagnrýnninn hátt og sögðu 60% að það hefði gengið mjög vel og 40% sögðu það hafa gengið vel. Spurt var um hvort ríkti traust og virðing

innan teymisins og voru 70% kennara mjög sammála því og 30% voru sammála. Spurt var um hvernig teyminu hefur gengið að nýta tímann í vetur til samstarfs og sögðu 60% kennara það hafa gengið mjög vel og 40% það hafa gengið vel. Spurt var um hvernig teyminu hefur gengið að bera sameiginlega ábyrgð á nemendum, námi þeirra og líðan og sögðust 80% kennara það hafa gengið mjög vel og 20% það hafa gengið vel.

Spurt var um það hvernig kennurum gengi að kynnast börnunum í árganginum og sögðu 70% það hafa gengið mjög vel og 30% það hafa gengið vel. Í athugasemdum við þessa spurningu kom meðal annars fram að kennarar eflist og þroskist í starfi með því að koma að fleiri nemendum. Kennarar fá tækifæri til að læra af samkennurum í svona nánu samstarfi. Einn kennari sagðist hafa vaxið og þroskast í starfi og öðlast meira sjálfstraust í teymiskennslu. Kennarar fá meiri stuðning frá samkennurum í teymiskennslu. Einn kennari sagði að áhugi og metnaður fyrir starfinu hefði aukist í teymiskennslu.

Spurt var um hvernig teymiskennsla hefði áhrif á álag á kennara. Kennarar voru sammála um að álag á kennara væri minna í teymiskennslu. Kennarar voru sammála um að meiri tími færi í fundi og skipulag í teymiskennslu en á móti minnkar andlegt álag með sameiginlegri ábyrgð.

Spurt var um hvernig teymiskennsla hafi áhrif á námsárangur nemenda. Einhverjir kennarar segja teymiskennslu hafa góð áhrif og benda á að styrkurinn felist í samvinnu nemenda þar sem hver og einn geti nýtt styrkleika sína. Nemendur græða á því að hafa fleiri kennara með mismunandi sjónarhorn og verið sé að koma til móts við alla með því að finna bestu aðstæður fyrir hvern og einn.

Spurt var um hvernig teymiskennsla hefur áhrif á líðan og félagsleg samskipti nemenda. Flestir telja að teymiskennsla hafi góð áhrif á líðan og félagsleg samskipti nemenda. Nemendur kynnast fleirum og hafa meira val um félag. Kennarar þurfa alltaf að greina og bregðast við ef nemandi líður ekki vel í skólanum. Einn kennari segir að fleiri fái að njóta sín í teymiskennslu og að neikvæð eða óæskileg hegðun nái síður að festast í sessi innan nemendahóps í teymiskennslu.

Spurt var um hvernig stjórnendur geti stutt við kennara í teymiskennslu. Mikilvægt er að kennarar fái góðan tíma til að vinna saman, eiga samræður og fundi um nemendur og undirbúning. Kennarar þurfa einnig að fá tíma til að þróa kennsluhætti í teymiskennslu. Gott væri að funda um teymiskennsluna allavega tvisvar á ári og ræða fyrirkomulagið. Gera þarf áætlun um hvernig bregðast eigi við þegar kennari í teymi forfallast til lengri tíma. Gott er að til sé skipulag sem kennarar geti gengið að varðandi til dæmis hópaskiptingar. Mikilvægt er að hjálpa teymunum með innra mat, veita ráðgjöf og að stjórnendur setji sig betur inn í hvert teymi.

Kennarar voru spurðir um hvernig þeim fyndist ganga að kenna í teymiskennslu og sögðu 80% að það gengi mjög vel og 20% að það gengi vel. Einnig var spurt um hvernig kennurum liði í starfi í teymiskennslu og sögðu 90% að þeim liði mjög vel og 10% að þeim liði vel.

5.2 Viðhorf nemenda

Nemendur í 1. bekk svöruðu könnun um teymiskennslu skriflega og nemendur í 2. – 5. bekk svöruðu könnuninni rafrænt. Alls svöruðu 235 nemendur könnuninni en í 1. – 5. bekk eru skráðir 251 nemendur.

5.2.1 Nemendur í 1. bekk

Alls svöruðu 47 börn könnuninni í 1. bekk. Börnin voru spurð að því hvernig þeim liði í skólanum og sögðu 83% þeirra að sér liði vel í skólanum og 17% sagðist líða sæmilega. Ekkert barn í 1. bekk sagði að sér liði illa í skólanum. Spurt var um hvernig börnunum fyndist að skipta reglulega um hóp og sögðust 57,4% það vera gott og 42,6% sagði það vera sæmilegt. Ekkert barn sagði það að skipta reglulega um hóp vera slæmt. Spurt var um það hvernig börnunum fyndist það vera að eiga fleiri en einn umsjónarkennara og sögðu 74,5% það vera gott, 23,4% sögðu það vera sæmilegt og 2,1% sagði það vera slæmt. Spurt var um það hvort börnin teldu sig þekkja umsjónarkennarana sína og sögðust 91,5% þekkja umsjónarkennarana sína vel og 8,5% sögðust þekkja þá sæmilega. Enginn sagðist þekkja umsjónarkennarana sína í 1. bekk illa. Spurt var um hvort að börnin teldu að umsjónarkennararnir þekktu sig og sögðu 73,9% að umsjónarkennararnir þekktu sig vel, 21,7% sögðu umsjónarkennarana þekkja sig sæmilega og 4,3% sögðu umsjónarkennarana þekkja sig illa. Spurt var um það hvernig börnunum gangi að eignast vini í skólanum og sögðu 80,9% það ganga vel, 14,9% sögðu það ganga sæmilega og 4,3% sögðu það ganga illa. Spurt var um hvort að börnin ættu allavega einn góðan vin í skólanum og sögðu 87% svo vera og 13% sögðust ekki eiga allavega einn vin í skólanum. Börnin voru spurð að því hvort þau ættu nokkra vini í skólanum og sögðu 97,8% svo vera og 2,2% sagðist ekki eiga nokkra vini í skólanum.

5.2.2 Nemendur í 2. – 5. bekk

Alls svöruðu 188 börn könnuninni í 2. – 5. bekk. Börnin voru spurð að því hvernig þeim liði í skólanum og sögðu 96,3% að þeim liði mjög vel eða vel í skólanum og 3,7% sagðist líða illa eða mjög illa í skólanum. Börnin voru spurð að því hvernig þeim fyndist að skipta reglulega um hóp og sagðist 83,4% það vera mjög gott eða gott og 16,6% sögðu það vera slæmt eða mjög slæmt. Spurt var um hvernig börnunum finnst að vera með fleiri en einn umsjónarkennara og sögðu 93,6% það vera mjög gott eða gott og 6,5% sögðu það vera slæmt eða mjög slæmt. Spurt var um hvort barni fyndist það þekkja umsjónarkennarana sína og sögðu 96,2% að þeim fyndist það þekkja umsjónarkennarana sína mjög vel og vel og 3,8% sögðust þekkja umsjónarkennarana sína illa eða mjög illa. Spurt var um hvort barni fyndist að umsjónarkennarar þess þekkti það og sögðu 93% að umsjónarkennarar sínir þekktu sig mjög vel eða vel og 7% sögðu þá þekkja sig illa eða mjög illa. Spurt var um hvernig barninu gengi að eignast vini í skólanum og sögðust 93% að sér gengi mjög vel eða vel að eignast vini í skólanum og 7% sögðu að sér gengi illa eða mjög illa að eignast vini í skólanum. Spurt var um hvort barnið ætti vini í skólanum

og sögðu 94,6% barnanna að þau ættu marga vini í skólanum, 4,8% sögðust eiga einn góðan vin í skólanum og 0,5% sagðist ekki eiga vini í skólanum.

5.3. Viðhorf foreldra

Könnun um viðhorf forelda til teymiskennslu var send á foreldra á tímabilinu 13. maí – 3. júní. Alls svöruðu 123 foreldrar könnuninni. Af þeim voru 23,8% sem eiga barn í 1. bekk, 14,8% sem eiga barn í 2. bekk, 23,8% sem eiga barn í 3. bekk, 18,9% sem eiga barn í 4. bekk og 18,9% sem eiga barn í 5. bekk.

Foreldrar voru spurðir út í viðhorf þeirra til skólustarfs í Vesturbæjarskóla og svöruðu 122 foreldrar spurningunni. Sögðust 90,9% vera mjög ánægðir eða ánægðir með skólustarf í Vesturbæjarskóla og 9,1% foreldra sögðust vera óánægðir með skólustarf í Vesturbæjarskóla. Foreldrar voru spurðir um hvernig þeir teldu komið til móts við þarfir barnsins þeirra í skólanum og svöruðu 120 foreldrar spurningunni. Sögðu 93,4% foreldra að mjög vel eða vel væri komið til móts við þarfir barnsins síns í skólanum og 6,7% sögðu að illa væri komið til móts við þarfir barnsins síns í skólanum. Spurt var um hvernig barninu líði í teymiskennslu þar sem fleiri en einn kennari beri sameiginlega ábyrgð á námi þess og líðan og svöruðu 119 foreldrar spurningunni. Sögðu 92,4% foreldra að barninu sínu liði mjög vel eða vel í teymiskennslu og 7,6% foreldra sögðu að barninu sínu liði illa í teymiskennslu.

Spurt var um hvort barnið ætti vini í skólanum og svöruðu 122 foreldrar spurningunni. Sögðu 84,4% foreldra að barnið þeirra ætti nokkra góða vini í skólanum, 12,3% sögðu að barnið þeirra ætti einn góðan vin í skólanum, 1,6% sagði að barnið sitt ætti ekki vini í skólanum og 1,6% sögðust ekki vita hvort barnið þeirra ætti vini í skólanum. Spurt var um hvort teymiskennsla hafi áhrif á barnið félagslega og svöruðu 116 foreldrar spurningunni. Sögðu 84,5% foreldra að teymiskennsla hefði mjög góð eða góð félagsleg áhrif á barn þeirra og sögðu 13,8% foreldra að teymiskennsla hefði slæm félagsleg áhrif. 1,7% sögðu teymiskennslu hafa mjög slæm félagsleg áhrif á barnið þeirra.

Spurt var um hvernig samstarfi um nám og líðan barnsins væri við umsjónarkennara og svöruðu 120 foreldrar spurningunni. Sögðu 56,7% foreldra vera í góðu samstarfi við báða eða alla umsjónarkennara barnsins síns, 16,7% foreldra sögðu vera í góðu samstarfi við einn umsjónarkennara barnsins síns og 26,7% foreldra sögðu að samstarfi við umsjónarkennara væri ábótavant. Spurt var um hvernig foreldrum þætti að geta leita til fleiri en eins kennara varðandi upplýsingar um nám og líðan barnsins síns í skólanum og svöruðu 118 foreldrar spurningunni. Sögðu 80,5% foreldra að mjög gott eða gott væri að geta leitað til fleiri en eins kennara varðandi upplýsingar um nám og líðan barnsins síns í skólanum og 19,56% sögðu það vera slæmt eða mjög slæmt. Foreldrum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir eða ábendingar varðandi teymiskennslu í Vesturbæjarskóla í vetur og komu margar góðar ábendingar sem teknar verða til umræðu.

6. Samantekt

Teymiskennsla hefur verið rannsökuð í marga áratugi og eru til margar útfærslur af henni. Kjarninn er að kennarar bera sameiginlega ábyrgð á námi og líðan nemenda. Rannsóknir sýna að teymiskennsla skilar nemendum félagslegum ávinningi, betri námsárangri og líðan, betri hegðun og ástundun og jákvæðari viðhorfum til náms, kennara og skóla. Í teymiskennslu eru kennarar faglegri, sveigjanlegri og opnari fyrir breytingum. Teymiskennsla styður við skólaþróun og starfsþróun kennara, þróun kennsluhátta og einstaklingsmiðað nám. Í teymiskennsluskólum eru vísbendingar um betri starfsanda, meiri starfsánægju, lýðræðislegri vinnubrögð og opnari og gagnrýnni umræðu. Sterk tengsl eru á milli skólaþróunar, lærdómssamfélags og teymiskennslu. Í Vesturbæjarskóla hafa kennarar alltaf unnið náð saman og var mikill áhugi meðal kennara að þróa teymiskennslu. Eins og í lok síðasta skólaárs var gerð könnun um viðhorf til teymiskennslu meðal kennara, nemenda og foreldra. Niðurstöður þessara kannana nýtast okkur til að þróa teymiskennsluna áfram. Einnig komu fram margar góðar og áhugaverðar ábendingar frá kennurum, foreldrum og nemendum sem reynt verður að bregðast við.

Af niðurstöðum þessara kannana má draga þá ályktun að almenn ánægja er með skólastarf í Vesturbæjarskóla. Kennararnir sem svöruðu könnuninni líður vel í starfi og finnst hafa gengið vel að vinna í teymiskennslu í vetur. Kennarar segja að teymiskennsla hafi jákvæð áhrif á félagslega stöðu nemenda og námslega. Kennarar segja teymiskennslu vera mikilvægan þátt í starfsþróun þeirra og efla þá og styrki í að verða betri kennarar. Góðar ábendingar komu frá kennurum sem teknar verða til umræðu í áframhaldandi vinnu um teymiskennslu.

Mikill meirihluti nemenda í 1. – 5. bekk líður vel í skólanum. Meirihluti nemenda í 1. – 5. bekk líður vel í skiptum og finnst gott að vera með fleiri en einn umsjónarkennara. Meirihluti nemenda upplifir að kennararnir þekki sig og telja sig þekkja umsjónarkennarana sína. Nemendum gengur vel að eignast vini í skólanum og eiga margar vini. Ekki segjast öllum börnum líða vel í teymiskennslu og er mikilvægt að kennarar skoði hvert tilfelli fyrir sig og bregðist við eins og þarf.

Foreldrar virðast vera ánægðir með skólastarf í Vesturbæjarskóla en mikill meirihluti er ánægður og segir að komið sé til móts við þarf barnsins síns í skólanum. Mikill meirihluti foreldra segja að barninu sínu líði vel í teymiskennslu. Rúmur helmingur foreldra segjast vera í góðu samstarfi við báða eða alla umsjónarkennara barnsins síns. Fjórðungur foreldra segja að samstarfi sé ábótavant. Um 80% foreldra finnst gott að geta leitað til fleiri en eins umsjónarkennara. Hér liggja tækifæri í að efla samstarf milli kennara og foreldra og virðast foreldrar vera mjög jákvæðir í að eiga í samskiptum við fleiri en einn kennara. Mikilvægar ábendingar komu frá foreldrum í könnuninni sem þarf að skoða og finna leiðir til að bæta úr.

Áskoranirnar í teymiskennslu eru margar og verður að taka ýmis atriði til umræðu. Hér verða dregnar saman þær áskoranir sem þarf að bregðast við og finna leiðir til að bæta úr.

Áskoranir í teymiskennslu

- hjálpa nýjum kennurum að vinna í teymiskennslu
- skapa meira svigrúm fyrir kennara til að vinna saman, eiga samræður og fundi um nemendur og undirbúning.
- bregðast við þegar kennari í teymi forfallast til lengri tíma
- aðstoða teymi við innra mat, veita ráðgjöf og að stjórnendur setji sig betur inn í hvert teymi.
- upplýsa foreldra um teymiskennslu og hvað í henni felst
- bæta samskipti og samstarf foreldra og kennara
- tryggja að skilaboð komist til skila frá foreldrum til allra kennara og að foreldrar viti af því
- auka traust foreldra á því að kennarar hafi yfirsýn yfir nám og líðan allra barna í árganginum
- finna leiðir til að skapa traust milli foreldra og allra kennara
- hjálpa foreldrum með að átta sig á því hvert þeir geti leitað hverju sinni
- að foreldrar upplifi að hlustað sé á þá
- að tryggja að börn tynist ekki og að foreldrar upplifi að kennarar þekki barnið þess
- koma til móts við nemendur sem finna sig ekki í teymiskennslu
- tryggja og sýna í verki að allir kennarar eru ábyrgir gagnvart öllum börnunum í árganginum
- finna leiðir til að byggja upp traust meðal barna og allra kennara í árganginum

Kennarar í Vesturbæjarskóla eru jákvæðir, lausnamiðaðir, faglegir, vanir samvinnu og áhugasamir um skólaþróun. Tækifæri felast í því að læra hvert af öðru og finna lausnir á þeim vandamálum sem upp koma. Stuðningur frá skólayfirvöldum skiptir gríðarlega miklu máli sem og stuðningur og skýr sýn stjórnenda og kennara. Teymiskennsla er rædd víða í skólakerfinu um þessar mundir og eru sífellt fleiri skólar hér á landi að taka upp teymiskennslu. Það sem við í Vesturbæjarskóla höfum rekið okkur á í þessu tveggja ára ferli um innleiðingu á teymiskennslu er hve mikilvæg upplýsingagjöf til foreldra er um innra starf. Það skiptir miklu máli að foreldrar séu meðvitaðir um breytingar í skólastarfi og upplýstir um og færð rök fyrir því hvers vegna verið sé að breyta. Mjög mikilvægt er að hugað verði að fræðslu og endurmenntun um teymiskennslu fyrir alla kennara sem munu starfa við skólann á næsta skólaári og styðja enn betur við fagauðinn (Professional capital). Næsta skólaár, 2019-2020, er gert ráð fyrir því að teymiskennsla verði ríkjandi starfsháttur í fyrsta til sjöunda bekk. Eðlilegt er að búast við tregðu í breytingaferli og mikilvægt að átta sig á því að fólk skilji ekki verkefnið eða hugmyndina sem þau eru að fara að taka þátt í. Stjórnendur verða að sýna þessu skilning, styðja við og gefa fólki tíma til að skilja hvað felst í teymiskennslu. Á leið okkar í þróunarverkefni um teymiskennslu var hin sameiginlega ábyrgð einn af sterkustu þáttunum sem fengu kennara til að vilja skoða þessa hugmyndafræði. Á

Þessari leið hafa kennarar og stjórnendur uppgötvað mátt teymiskennslunnar í að skapa sterkt lærdómssamfélag. Markmið er að teymiskennsla efli fagmennsku kennara, samstarf, starfsánægju og líðan og námsárangur nemenda. Þróunarverkefnið um teymiskennslu í Vesturbæjarskóla hefur nú staðið yfir í tvö ár og höldum við nú áfram að byggja upp hæfni stjórnenda og kennara í teymiskennslu til að tryggja varanleika verkefnisins.

Heimildir

- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstjórar). *Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Fullan, M. (2015). *The New Meaning of Educational Change*. New York: Teachers College Press. (Bls. 54-81).
- Goetz, K. (2000). Perspectives on Team Teaching. Sótt af http://people.ucalgary.ca/~egallery/goetz.html?fbclid=IwAR3wOq2c47riT7yer1qBIRCTpQWuP2Cy9YOOQPcPAfeubKP_awUTE0-TnvU
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2017). Er samvinna lykill að skólaþróun? Samanburður á bekkjarkennsluskólum og teymiskennsluskólum. *Netla - veftímarit um uppeldi og menntun*. Kennaraháskóli Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/10.pdf>
- Main, K. og Bryer, F. (2005). What does a Good Teaching Team Look Like in a Middle School Classroom? Griffith University, School of Cognition, Language, & Special Education. Sótt af https://www.researchgate.net/profile/Katherine_Main/publication/29453864_What_does_a_good_teaching_team_look_like_in_a_middle_school_classroom/links/02e7e526a275796231000000/What-does-a-good-teaching-team-look-like-in-a-middle-school-classroom.pdf?origin=publication_detail
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2015). Ákall og áskoranir. Vegsemd og virðing í skólastarfi. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/alm/005.pdf>
- Skóla- og frístundasvið og Menntavísindasvið. (2018). Matstæki um þróun skólastarfs. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/matstaeki_12.3.18.pdf
- Svanhildur María Ólafsdóttir. (2009). Ef teymiskennsla er svarið hver er þá spurningin? Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/4000/1/Ef%20teymiskennsla%20er%20svari%C3%B0%20hver%20er%20%C3%BE%C3%A1%20spurningin..pdf>

Viðauki A

Teymiskennsla - kennarar

Kæru kennarar, þessi könnun er liður í mati á teymiskennslu í Vesturbæjarskóla skólaárið 2018-2019 í 1. – 5. bekk. Könnunin er nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til einstaklinga. Endilega skrifið í reitinn „annað“ ef þið hafið athugasemdir eða viljið koma einhverju á framfæri en það gefur okkur enn ítarlegri upplýsingar um stöðu mála.

Hvernig hefur teyminu gengið að vinna saman í teymiskennslu í vetur?

Ef þér finnst hafa gengið illa að vinna í teymiskennslu í vetur hvað veldur því og hvað mætti betur fara?

Hvernig hefur teyminu gengið að eiga í faglegri samvinnu?

Finnst þér ríkja traust og virðing innan teymisins?

Hvernig hefur teyminu gengið að nýta tímann í vetur til samstarfs?

Hvernig hefur teyminu gengið að bera sameiginlega ábyrgð á nemendum, námi þeirra og líðan?

Hvernig gengur þér að kynnast börnunum í árganginum?

Hvernig hefur teymiskennsla áhrif á faglega starfsþróun þína?

Hvernig hefur teymiskennsla áhrif á álag á kennara?

Hvernig hefur teymiskennsla áhrif á námsárangur nemenda þinna?

Hvernig hefur teymiskennsla áhrif á líðan og félagsleg samskipti nemenda þinna?

Hvernig geta stjórnendur stutt við kennara í teymiskennslu?

Hvernig finnst þér ganga að kenna í teymiskennslu?

Hvernig líður þér í starfi í teymiskennslu?

Er eitthvað sem ekki hefur komið fram sem þú vilt koma á framfæri varðandi teymiskennslu í Vesturbæjarskóla?

Teymiskennsla

Kæru nemendur, þessi könnun er liður í mati á teymiskennslu í Vesturbæjarskóla skólaárið 2018-2019 í 1. – 5. bekk. Könnunin er nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til einstaklinga.

VEL/GOTT



SÆMILEGA/T



ILLA/SLÆMT



1. Hvernig líður þér í skólanum?			
2. Hvernig finnst þér að skipta reglulega um hóp?			
3. Hvernig finnst þér að vera með fleiri en einn umsjónarkennara?			
4. Finnst þér þú þekkja umsjónarkennarana þína?			
5. Finnst þér að umsjónarkennararnir þínir þekki þig?			
6. Hvernig gengur þér að eignast vini í skólanum?			

7. Átt þú allavega einn vin í skólanum?		
8. Átt þú nokkra vini í skólanum?		

Takk fyrir þátttökuna

Viðauki C

Teymiskennsla - nemendur

Kæru nemendur, þessi könnun er liður í mati á teymiskennslu í Vesturbæjarskóla skólaárið 2018-2019 í 1. – 5. bekk. Könnunin er nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til einstaklinga.

Hvernig líður þér í skólanum?

Hvernig finnst þér að skipta reglulega um hóp?

Hvernig finnst þér að vera með fleiri en einn umsjónarkennara?

Finnst þér þú þekkja umsjónarkennarana þína?

Finnst þér að umsjónarkennararnir þínir þekki þig?

Hvernig gengur þér að eignast vini í skólanum?

Átt þú allavega einn góðan vin í skólanum?

Viðauki D

Teymiskennsla - foreldrar

Kæru foreldrar

Þessi könnun er liður í mati á teymiskennslu í Vesturbæjarskóla skólaárið 2018-2019 í 1. – 5. bekk. Í teymiskennslu bera kennarar sameiginlega ábyrgð á námi og líðan nemenda. Könnunin er nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til einstaklinga.

Í hvaða árgangi er barnið þitt? Ef þið eigið barn í fleiri en einum af þessum árgöngum biðjum við ykkur um að svara könnuninni fyrir hvert barn svo við getum skoðað hvern árgang fyrir sig.

Hvað finnst þér um skólastarf í Vesturbæjarskóla?

Hvernig er komið til móts við þarfir barnsins þíns í skólanum?

Hvernig líður barninu þínu í teymiskennslu þar sem fleiri en einn kennari bera sameiginlega ábyrgð á námi þess og líðan?

Á barnið þitt vini í skólanum?

Hvernig finnst þér teymiskennsla hafa áhrif á barnið þitt félagslega?

Hvernig er samstarf um nám og líðan barnsins þíns við umsjónarkennara?

Hvernig finnst þér að geta leitað til fleiri en eins kennara varðandi upplýsingar um nám og líðan barnsins þíns í skólanum?

Er eitthvað sem ekki hefur komið fram sem þú vilt koma á framfæri varðandi teymiskennslu í Vesturbæjarskóla?